



### 3. forsetabréf starfsárið 2011 – 2012

**Kæru formenn - allar systur!** Til hamingju með daginn!

Í dag er alþjóðadagur Soroptimista, en hann er einnig dagur Mannréttindayfirlýsingar Sameiðunu þjóðanna.

#### **10. desember ákallið - Birthing in the Pacific**

„Soroptimistar leggja áherslu á menntun kvenna og stúlkna“.

Ákveðin upphæð af félagsgjöldum íslenskra soroptimista rennur til 10. desember verkefnisins ár hvert og hefur það verið greitt vegna þessa árs.

Í ár tengist verkefnið Papúa Nýju Gíneu. Þar er markmiðið að auka aðgengi barnshafandi kvenna og mæðra nýbura að hæfum ljósmæðrum og hjúkrunarfræðingum. (Sjá ítarlegri upplýsingar á vef okkar:

[http://soroptimist.is/is/forsida/verkefni/tiundi\\_desember/](http://soroptimist.is/is/forsida/verkefni/tiundi_desember/) og á vef alþjóðasamtakanna:

<http://www.soroptimistinternational.org/our-projects/december-10-appeal/birthinginpacific> )

Verkefnið var kynnt á haustfundinum og strax kom fram sterkur vilji systra til að styðja myndarlega við það.

Nokkrir klúbbar hafa nú þegar staðfest að þeir ætli að „ættleiða ljósmæður til náms“ og fjármagna kaup á hjálpargagnapokum ljósmæðra (Karim Baby Bilum).

**Hægt er að leggja verkefninu lið til 20. janúar 2012.** Framlag þarf að greiða inn á reikning Landssambandsins, nr. 0319-26-315, kt. 551182-0109.

Skýring greiðslu: *nafn klúbbs* og „10. des“ Gjaldkeri landssambandsins mun þá senda heildarupphæðina út, í einu lagi, því bankakostnaður er mjög hár og óskynsamlegt að greiða hann af fleiri en einni færslu.

#### **Drög að nýjum starfsgreinalykli**

Á landssambandsfundum í vor var samþykkt að „... starfsgreinanevnd ynni að samræmingu starfsheita í félagatali Soroptimista eins og kostur er og hefði til hliðsjónar Íslenska starfaflokkun; ÍSTARF95...“

Sjá nánar: *Starfsgreinalykli, upplýsingar og leiðbeiningar.*

Starfsgreinanevnd hefur nú sent stjórn SI/Í drög að nýjum starfsgreinalykli, til umsagnar.

Breyting frá samþykkt fundarins í vor er að þá var gengið út frá því að starfsgreinarnar rúmuðust innan 10 flokka en að athuguðu máli leggur nefndin nú til að þeir verði 13.

Stjórn SI/Í lýsir ánægju sinni með störf nefndarinnar og þau drög sem nú liggja fyrir, ásamt upplýsingunum og leiðbeiningunum sem fylgja um notkun hans.

Þessi gögn, ásamt ofanefndum upplýsingum og leiðbeiningum, eru nú send öllum formönnum og þeim falið að kynna systur í klúbbunum.

**Ábendingar og athugasemdir starfsgreinaneftnda klúbbanna, við þessi drög, verða að berast starfsgreinaneftnd og forseta SI/Í, fyrir 31. janúar 2012.**

**Friðarkort**

Friðarkortin sem Sigríður Þórarinsdóttir, þáverandi forseti SI/Í lét gera og gaf klúbbum, sem fjáröflunarleið vegna eigin verkefna, voru vel þegin. Upplagið fór þó ekki allt út til klúbbanna þá. Lítil hreyfing var orðin á þeim kortum sem eftir eru. „Birgðunum“ sem eftir voru í húsnæði okkar hefur nú verið skipt niður á klúbbana 18, til afhendingar og fjáröflunar eigin verkefna.

Kortin voru sett í poka sem merktir eru klúbbunum og má sækja þau í Hamraborgina. Þau koma vonandi í góðar þarfir við fjáröflun☺.

**Skýrslur formanna fyrir starfsárið 1. október 2010 – 30. september 2011.**

Enn vantar skýrslur frá 4 klúbbum. Eindagi skila var 1. nóvember s.l.

Bið ég sérstaklega formenn, sem tóku við í haust, að athuga hver staðan er í þeirra klúbbum og gera viðeigandi ráðstafanir, hafi skýrsla ekki verið send!

**Tilsjón með trjáreit Soroptimista í Heiðmörk**

Í haustblaði Fregna, bls. 13, var auglýst eftir áhugasamri systur – eða systurum – til að vera talsmaður Soroptimistareitsins okkar í Heiðmörk. Ekki hafa orðið viðbrögð við henni ennþá.

Vísa ég nú til auglýsingarinnar og vona að áhugasamar systur kynni sér hana og gefi kost á að fylgjast með svæðinu og upplýsa systur um ástand þess. Hlakka til að heyra frá viðkomandi☺.

**Lyklar**

Þrír lyklar að húsnæði okkar í Hamraborginni skiluðu sér eftir „innkallið“ á haustfundinum. „Betur má ef duga skal“ og vona ég að fleiri eigi eftir að koma fram í „jólahreingerningunum“ og skila sér☺!

***Kæru systur.***

Ég sendi ykkur öllum mínar bestu óskir um heill og hamingju, gleðilega jólahátíð og farsæld í störfum og leik á nýju ári. Um leið þakka ég ykkur afar ánægjuleg kynni og gott samstarf á árinu sem senn rennur sitt skeið.

Með hátíðakveðjum inn á heimili ykkar!  
Kært kvaddar allar,

ykkar

*Ingunn Ásdís*

Forseti 2010 - 2012